



Heimavellir hf.  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík

1. október 2018

## **Staðfesting og könnun PwC á útreikningum sérstakra skilyrða skuldabréfaflokksins HEIMA100646**

Í tengslum við þjónustusamning PricewaterhouseCoopers ehf. („PwC“) við Heimavelli hf. („Heimavellir“), undirritaður 5. júlí 2016, birtir PwC hér niðurstöður í tengslum við hlutverk sitt sem eftirlitsaðili vegna skuldabréfaflokksins HEIMA100646.

Eftirlitsaðili skal staðfesta og kanna sjálfstætt útreikning útgefanda (Heimavalla) á fjárhagslegu skilyrði sérstakra skilyrða og tryggingarskilyrðum og fjárhæð tryggingabréfa, eins og þau eru skilgreind í skuldabréfaflokknum. Efnahagsliðir miðast við punktstöðu á uppgjörssdegi og rekstarliðir við undangengna tólf mánuði frá uppgjörssdegi. Staðfestingin og könnunin skiptist í sérstök fjárhagsleg skilyrði og tryggingaskilyrði sbr. hér að neðan.

<b>Fjárhagsleg skilyrði</b>		<b>Skilyrði</b>	<b>Niðurstaða útreiknings</b>	<b>Skilyrði staðist</b>
Eiginfjárvöð:	Eiginfjárlutfall án óefnislegra eigna á prófunardegi.	Aldrei lægra en 20%	32,1%	<b>Já</b>
<b>Tryggingaleg skilyrði</b>				
Sjóðstreymiskvöð:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af nettó veðskuldum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægra en 1,5	2,05	<b>Já</b>
Veðsetningarhlutfall:	Hlutfall nettó veðskulda miðað við bókfært virði veðandlagsins.	Aldrei hærra en 75%.	57,0%	<b>Já</b>

**PwC staðfestir hér með að skuldabréfaflokkurinn HEIMA100646 stenst öll ofangreind skilyrði miðað við dagsetninguna 30.6.2018**